

Nd.

1090. Frumvarp til laga

[221. mál]

um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

Samhljóða þskj. 390 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

10. gr. orðist svo:

Óheimilt er að reisa sumarbústaði á landi, sem lögin taka til skv. 3. gr. og ekki hefur verið leyst úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr., nema jarðanefnd samþykki. Ekki er skylt að afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. vegna lóða fyrir sumarbústaði utan sumarbústaðahverfa.

Ef um sumarbústaðahverfi er að ræða, skal afla samþykkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. áður en bygging sumarbústaða hefst.

Ekki þarf að afla samþykkis skv. 6. gr. vegna aðilaskipta að réttindum yfir sumarbústöðum í sumarbústaðahverfum eða sumarbústöðum á lóðum (löndum), sem teknar (tekin) hafa verið úr landbúnaðarnotum skv. 1. og 2. mgr. 12. gr.

Sumarbústaður skv. grein þessari er bygging, sem reist er til þess að búa í að sumri til og einungis endrum og eins á öðrum tímum árs. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til veiðihúsa.

Það telst vera sumarbústaðahverfi, þegar fjórir eða fleiri sumarbústaðir eru byggðir á sömu lóð (landi) eða á samtengdum lóðum.

10. gr., d-liður (25. gr.), hljóðar svo:

Heimild landbúnaðarráðuneytisins þarf til að stofna félagsbú til búvöruframleiðslu á býli, enda hafi viðkomandi sveitarstjórn og jarðanefnd samþykkt stofnun félagsbúsins. Fara skal eftir ákvæðum 2. og 3. mgr. 22. gr. um umsókn og meðferð hennar.

Það teljast vera félagsbú, þegar tveir eða fleiri einstaklingar gera með sér samning skv. 27. gr. um að standa sameiginlega að búrekstri á einni eða fleiri jörðum, enda hafi aðilar félagsbúsins meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu allir búsettir á viðkomandi býli (býlum).

Hjón ein sér eða með ófjárráða barni (börnum) geta ekki stofnað til félagsbús. Sama gildir um fólk í óvígðri sambúð ef það á sameiginlegt lögheimili og hefur átt eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað samfleytt í a. m. k. 2 ár.

Heimilt er að samþykkja tímabundna stofnun félagsbús vegna ættiliðaskipta á jörð og er í reglugerð heimilt að víkja frá skilyrðum 5. mgr. 25. gr. og réttindum, skv. 1. mgr. 28. gr., varðandi slík félagsbú.

Um stærð á landi félagsbús skal fara eftir 23. gr. þannig að landið sé ekki minna en hver aðili félagsbúsins hefði stofnað nýtt býli.